

Tían



Fréttabréf 10. bekkjar AS
4. tbl.
Dalvíkurskóla

ÁGÆTU FORELDRAR/FORRÁÐAMENN NEMENDA Í 10. BEKK !

Þá er komið að fjórða fréttabréfi vetrarins, sem er samantekt á viðburðum og uppákomum undanfarnar vikur – og auðvitað upplýsingar um það sem er framundan.

- Annarskipti hjá okkur hér í Dalvíkurskóla verða formlega þann 12. febrúar næstkomandi. Þar með lýkur vetrarönn og vorönn þá hafin í skólanum. Nýtt skipulag fyrir íþróttahópana á unglíngastigi tekur þá gildi. Nemendur hafa verið upplýstir vegna þessa.
- Prófavika er sett inn á skipulag hjá okkur vikuna 8.-12. febrúar næstkomandi. Ekki er um hefðbundna prófadaga að ræða, heldur ætlum við að reyna fyrirkomulag sem við teljum að muni henta nemendum okkar vel, svokallaða prófamöppu. Skipulag og framkvæmd er þannig :
 - * Prófatími er frá mánudegi til föstudags milli kl. 08.00-09.00. Þennan tíma sitja allir nemendur á unglíngastigi og vinna að prófaúrlausnum.
 - * Nemendur fá 4 próf í hendurnar alla daga, í nokkurskonar möppu og vinna einfaldlega í prófunum eins og hverjum og einum hentar.
 - * Klára að vinna öll prófin í vikunni.
 - * Um er að ræða próf í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði.
 - * Þá fá nemendur miða hvern morgun með prófamöppunni og á þennan miða geta þeir skrifað athugasemdir eða áréttingar um einstök atriði í prófinu og svo unnið upplýsingar um þessa ákveðnu þætti heima. Það er hinsvegar ekki leyfilegt að koma aftur með þennan miða í prófið aftur næsta dag.

Vinsamlegast hafið samband við okkur hingað í skólann ef eitthvað er óljóst vegna þessa !

- Nýr nemandi er kominn inn í bekkinn til okkar. Um er að ræða pilt sem heitir Gísli Sævar. Fósturforeldrar hans eru Oliver og Sigrún í Bjarkabrautinni. Ég hafði undirbúið nemendur fyrir komu hans og móttökur voru á afar jákvæðum nótum. Oliver hefur setið inni í bekk undanfarið til að kynna sér námið almennt í öllum greinum og fyrirkomulag kennslunnar. Gísli Sævar gengur inn í ákveðið skipulag varðandi fjáröflun og fleira.
- Ruslasöfnun á miðvikudögum gengur vel fyrir sig nú um stundir og hóparnir eru að standa sig yfirleitt vel. Þó hafa komið einstaka mál vegna skipulags kringum vaktirnar og vinnuskipti – en ekkert alvarlegt. Snæborg Jónatansdóttir er tengiliður milli skóla, nemenda, foreldra og Gámaþjónustunnar. Þá sér hún um að taka á móti ábendingum, ef einhverjar eru.
- *Einkunnarorð Dalvíkurskóla eru : Virðing og vellíðan – Þekking og færni. Í janúar var þemað okkar hér í skólanum Góðvild.* Í febrúar er þemað okkar **Ábyrgð**. Það má ræða þetta hugtak heima fyrir. Við tökum það fyrir á bekkjarfundum og í umræðum um líf og tilveruna.
- Lilja, Helga og Aníta hjúkrunarfræðingar frá Heilsugæslustöðinni komu í heimsókn til okkar í 10.AS þann 19. janúar síðastliðinn. Þær ræddu við nemendur um kynheilbrigði. Þær létu vel af fundunum með nemendum og voru afar sáttar. Nemendur voru áhugasamir og virkir.
- Lilja hjúkrunarfræðingur kemur aftur inn í 10.AS til að flúorskola dagana 24-26. febrúar næstkomandi. Þá á hún eftir að koma inn í apríl í síðasta skipti í vetur og endurtaka þessa tannvernd með nemendum.

- Bóndadagurinn var haldinn hátíðlegur hér í skólanum eins og víðast hvar annarsstaðar. Nemendur mættu margir hverjir þrúðbúnir í skólann, stelpurnar kusu Herra Dalvíkurskóla og svo buðu þær strákunum upp á pönnukökur og mjólk. Í frímínútum rétt fyrir hádegi voru svo úrslit kynnt úr kosningu. Góður dagur og virkilega skemmtilegt uppbrot frá hefðbundinni kennslu.
- Ég minni þá á sem eru í mjólkuráskrift að hafa samband við ritara, en nú fer að líða að greiðslu, ef viðkomandi nemandi ætlar að vera áfram í áskrift. Gjaldið er kr. 2.100. - og greiðist hjá ritara.
- Útivistardagur er á skipulagi okkar núna í febrúar. Eins og allir vita er ekki alveg nægur snjór til að fara með hópinn í fjallið þessa dagana, en um leið og við fáum aðstæður er henta okkur þá skellum við okkur á skíði eins og undanfarin ár.
- 112 dagurinn er á skipulagi okkar þann 11. febrúar næstkomandi. Þann dag munum við heimsækja slökkvistöðina, lögregluna, sjúkrabílstjóra og fulltrúa Slysavarnardeildarinnar hér á Dalvík. Við munum upplýsa nemendur nánar vegna þessa þegar nær dregur.
- Þann 17. febrúar er öskudagur á dagatali. Þessi dagur er skóladagur í ár og nemendur eiga að mæta hingað í skólann samkvæmt stundaskrá kl. 08.00. Hinsvegar verður um að ræða skemmtilegt uppbrot frá hefðbundinni kennslu þennan dag og nemendur geta valið sig inn í mismunandi verkefni í og við skólann, eins og t.d. að aðstoða og mála yngri börnin, fara með þeim þá um bæinn og syngja, aðstoða í verslunum og stofnunum – og jafnvel vinna góðverk fyrir þá er þurfa þess með í amstri hversdagsins.
- Ég hef verið að vinna einstaklingsviðtöl við nemendur í 10. AS og reyndar er ég búinn að ræða við alla, - og byrjaður á næstu umferð !! Þessi viðtöl fara þannig fram að við setjumst niður frammi á gangi og ræðum um líðan og tilfinningar, námið og námsframvinduna, hvað gengur vel. hvað er hægt að laga og hvað má skoða frekar. Þetta eru að jafnaði afar góð viðtöl og þægileg.

Og – við kennarar erum stöðugt að vinna með nemendum að góðu skipulagi námsins, við vinnum líka jafnt og þétt að því að halda uppi jákvæðum aga, ýtum undir góða samvinnu og góða nýtingu kennslustunda. Það skiptir meginmáli að skapa góðan vinnufrið í tímum svo að okkur öllum líður vel. Við erum reglulega með stóla- og töflufundi þar sem farið er yfir upplýsingar og málin rædd til hlítar.

Og ég minni enn og aftur á að ég hef reynt að setja reglulega inn í dagbækur nemenda á Mentor upplýsingar um skólastarfið. Ég bið ykkur endilega að hafa samband við mig hingað í skólann, eða heim, ef eitthvað er, eða ef einhverjar spurningar eru varðandi skráningar okkar kennara, eða dagbókarfærslur.

**Bestu kveðjur
Arnar**

Póstfang mitt er :

Munið : **endurskinsmerkin – okkar allra vegna !**

arnar@dalvikurskoli.is

